

Rannsóknastefna Keldna

Gildi

Vísindi – Frumkvæði - „*Ein heilsa*“

Framtíðarsýn

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sé ætíð í fararbroddi í rannsóknum á sviði dýraheilbrigðis.

Hlutverk

Rannsaka sjúkdóma í afurðagefandi dýrum og gæludýrum og stuðla að heilbrigði þeirra, auk sjúkdóma á fagsviði stofnunarinnar sem fyrirfinnast í villtum dýrum. Leita sífellt nýrrar þekkingar á greiningum og meðhöndlun dýrasjúkdóma.

Markmið 1 – Grunnrannsóknir

Stunda grunnrannsóknir á sviði dýraheilbrigðis sem standast faglegar kröfur á heimsmælikvarða.

Undirmerkið:

- Skapa grundvöll fyrir grunnrannsóknir starfsfólks í samræmi við hlutverk stofnunarinnar
- Skapa umhverfi sem auðveldar sérfræðingum að sækja í samkeppnissjóði
- Ástunda öflugt innlent og erlent samstarf
- Nýta bestu mögulegu tækni

Mælingar:

- Fjöldi rannsóknaverkefna
- Fjöldi umsókna um rannsóknastyrki
- Fjöldi umsókna sem fær rannsóknastyrki
- Fjöldi umsókna um tæki/aðstöðu
- Fjöldi tækja/aðstöðu sem fæst
- Fjöldi birtinga

Aðgerðir:

- Skilgreina rannsóknahópa í grunnrannsóknum

- Skapa umhverfi og grundvöll fyrir teymisvinnu þvert á stofnunina og við innlenda og erlenda aðila
- Tryggja skýra verkefnastjórnun í hverjum hópi
- Starfsfólki sé kynnt sú aðstoð sem HÍ býður upp á við gerð styrkumsókna
- Vera virkir umsækjendur í innviðasjóð Rannís og Tækjasjóð HÍ
- Styrkumsóknir fari í jafningjarýni áður en þær eru sendar inn
- Þróa hvatakerfi til grunnrannsókna

Markmið 2 – Þjónusturannsóknir

Stunda þjónusturannsóknir sem vinna að bættu dýraheilbrigði í landinu og heilnæmi afurða í anda „*Einnar heilsu*“.

Undirmarkmið:

- Móta skýra stefnu um framboð á þjónusturannsóknum
- Hafa upplýsingar um framboð og kostnað á þjónusturannsóknum aðgengilegar
- Stuðla að markvissu samtali við atvinnulífið um forgangsröðun þjónusturannsókna
- Vinna með stjórnvöldum að því að skilgreina brýnustu innviði fyrir þjónusturannsóknir samhliða vexti atvinnugreina.
- Viðhalda öflugu samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofur
- Tryggja gæði þjónusturannsókna með vottuðu gæðakerfi

Mælingar:

- Fjöldi greininga
- Fjöldi samráðsfunda við atvinnulífið og hagaðila um forgangsröðun þjónusturannsókna
- Fjöldi samráðsfunda með fagráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti um brýnustu innviði til framþróunar þjónusturannsókna
- Biðtími frá því rannsóknarbeiðni berst þar til rannsókn hefst

Aðgerðir:

- Koma á markvissu samtali við helstu hagaðila
- Vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi starfsemi Keldna með skýrum hætti
- Efla samráð við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Koma á fundum við Matvælastofnun á sex mánaða fresti
- Deildir undirbúi gæðaúttektir og rýni niðurstöður í sameiningu

Markmið 3 – Ráðgjöf

Veita faglega ráðgjöf og leita gagnreyndra leiða til að tryggja góða smitsjúkdómastöðu og dýraheilbrigði á Íslandi

Undirmarkmið:

- Sérfræðingar Keldna séu ætíð í fararbroddi í þekkingu á sviði dýraheilbrigðis
- Sérfræðingar Keldna séu lykilaðilar í hvers konar stefnumótun sem snýr að dýraheilbrigði
- Vera ætíð með uppfærða og skýra viðbragðsáætlun vegna dýrasjúkdóma
- Sérfræðingar Keldna séu í virku sambandi við erlenda sérfræðinga um ráðgjöf
- Auka getu Keldna til að veita ráðgjöf á sínu fagsviði

Mælingar:

- Fjöldi skriflegra leiðbeininga
- Fjöldi stefnumótunarhópa um dýraheilbrigði sem sérfræðingar Keldna eiga sæti í
- Fjöldi sérfræðinga sem starfa við ráðgjöf
- Fjöldi skilgreindra verkferla sem tengjast viðbragðsáætlunum
- Fjöldi þátttakenda í ráðstefnum og námskeiðum á fagsviði stofnunarinnar

Aðgerðir:

- Leita leiða til að fá atvinnulífið til að taka þátt í uppbyggingu faglegrar ráðgjafar í einstökum greinum
- Tryggja aðgang starfsfólks að ritrýndum vísindaritum á fagsviðum Keldna
- Hvetja sérfræðinga til að sækja ráðstefnur, fundi og námskeið
- Vinna með Matvælastofnun að því að því að skilgreina fjármagn til viðbragðs
- Setja upp spurt og svarað á heimasíðu Keldna

Markmið 4 – Kennsla

Efla kennslu í dýraheilbrigðisvísindum á háskólastigi

Undirmarkmið:

- Fjölga nemum sem vinna rannsóknaverkefni að Keldum
- Auka svigrúm sérfræðinga til að sinna kennslu og umsjón nema
- Efla samstarf við háskólasamfélagið á Íslandi og í helstu samstarfslöndum um kennslu

Mælingar:

- Fjöldi nema á Keldum á hverju misseri
- Fjöldi sérfræðinga sem hafa skilgreint svigrúm til að sinna kennslu og umsjón nema
- Fjöldi samstarfsaðila í háskólasamfélaginu
- Fjöldi sérfræðinga sem hefur umsjón með nemum
- Fjöldi sérfræðinga sem kennir í námskeiðum á háskólastigi

Aðgerðir:

- Útbúa verkefnabanka
- Stofna starfshóp um uppsetningu námskeiða á fagsviði Keldna
- Efla samtal við heilbrigðisstarfsfólk um aðstöðu til klínískra æfinga og krufninga í kennsluskyni

Rannsóknastefna Keldna var samþykkt af stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum 9. október 2023.

Samþykkt að stjórn endurskoði stefnuna í síðasta lagi haustið 2025.